# Blikastaðaland ehf.

## Ársreikningur 2020

Blikastaðaland ehf.
Smiðjuvegi 3
200 Kópavogur

Kt. 680219-0440

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar | 3 |
| Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 7 |
| Skýringar | 8 |

# Skýrsla og áritun stjórnar

Tilgangur félagsins er bygging, kaup, sala og útleiga á fasteignum, þróun fasteigna og rannsóknir, rekstur og viðhald fasteigna, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Ársreikningur Blikastaðalands ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Á árinu 2020 keypti félagið byggingarsvæði að Blikastöðum í Mosfellsbæ af Landey ehf. og nam kaupverðið 4.082 millj. kr. Kaupin voru fjármögnuð með langtímaláni.

Tap var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 131 þús. kr. Eigið fé félagsins nam í árslok 369 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 500 þús. kr. Ekki eru skilyrði til greiðslu arðs. Vísað er til ársreiknings varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast í efnahagsumhverfinu vegna Covid-19, sjá skýringu 10.

Engir starfsmenn eru starfandi hjá félaginu en Landey ehf. sér um daglegan rekstur þess.

Hlutafé félagsins í lok árs, var allt í eigu Landeyjar ehf.

**Yfirlýsing stjórnar**

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á eigin fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn Blikastaðalands ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. apríl 2021.

Ársreikningur Blikastaðalands ehf. fyrir árið 2020 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

# Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

**Til stjórnar og hluthafa í Blikastaðalandi ehf.**
Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings vegna ársins 2020 fyrir fyrirtækið Blikastaðaland ehf. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 21. apríl 2021.

**Deloitte ehf.**

Gunnar Þorvarðarson

# Rekstrarreikningur árið 2020

| | Skýr. | 2020 |
|---|---|---|
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 131) |
| | | ( 131) |
| **Tap ársins** | 6 | ( 131) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr. | 2020 |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Fjárfestingareignir | 3 | 5.072.000 |
| Fastafjármunir | | 5.072.000 |
| Kröfur á tengd félög | 8 | 369 |
| Veltufjármunir | | 369 |
| **Eignir samtals** | | 5.072.369 |
| **Eigið fé:** | | |
| Hlutafé | 5 | 500 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 131) |
| **Eigið fé** | 6 | 369 |
| **Skuldir:** | | |
| Vaxtaberandi lán | 7,8 | 5.072.000 |
| **Skuldir samtals** | | 5.072.000 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 5.072.369 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

| | Skýr. | 2020 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | |
| Afkoma ársins | 6 | ( 131) |
| Handbært fé til rekstrar | | ( 131) |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | |
| Kröfur á tengd félög, breyting | 8 | ( 369) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 369) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | |
| Innborgað hlutafé | 6 | 500 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 500 |
| **Breyting á handbæru fé** | | 0 |
| **Handbært fé í upphafi** | | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | |
| Kaupverð fjárfestingareigna | | 5.072.000 |
| Vaxtaberandi lán | | ( 5.072.000) |

# Skýringar

**1. Almennar upplýsingar**

Blikastaðaland ehf. er dótturfélag Landeyjar ehf. og hefur aðsetur að Smiðjuvegi 3, Kópavogi.

**2. Reikningsskilaaðferðir**

**a. Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að fjárfestingareignir eru færðir á gangvirði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

**b. Fjárfestingareignir**

Fjárfestingareignir eru fasteignir (land eða húseignir) sem eru í eigu félagsins til að afla leigutekna eða til verðmætaaukningar eða hvors tveggja. Fjárfestingareignir eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi. Mat á gangvirði skal að öllu jöfnu byggt á gangvirði sambærilegra eigna á sama stað og í sama ásigkomulagi á virkum markaði milli ótengdra upplýstra aðila á reikningsskiladegi. Séu skilyrði um virkan markað ekki uppfyllt eins og raunin er á Íslandi skal miða við nýleg viðskipti með sambærilegar eignir að teknu tilliti til væntra breytinga á markaði eftir að umrædd viðskipti áttu sér stað. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði í samræmi við lög um ársreikninga.

Breytingar á gangverði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikning. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

**c. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur**

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

**d. Handbært fé**

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

**e. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

**3. Fjárfestingareignir**

**a.** Fjárfestingareignir greinast þannig:

| | 2020 |
|---|---|
| **Kostnaðarverð** | |
| Fjárfesting ársins | 5.072.000 |
| Bókfært verð 31.12. | 5.072.000 |

**b. Fasteignamat**

Fasteignamat fasteigna og lóða félagsins sem eru flokkaðar sem fjárfestingareignir nam 1.853 millj. kr. í árslok 2020 (2019: 1.818 millj. kr.). Brunabótamat sömu eigna nam 117 millj. kr. í árslok 2019 (2019: 114 millj. kr.).

**c. Mat fjárfestingareigna**

Fjárfestingareignir félagsins eru metnar á gangvirði á reikningsskiladegi. Mat á gangvirði skal byggt á gangvirði sambærilegra eigna á sama stað og í sama ásigkomulagi á virkum markaði milli ótengdra upplýstra aðila á reikningsskiladegi. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði í samræmi við lög um ársreikninga.

**4. Tekjuskattur**

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2021 þar sem enginn rekstur var hjá félaginu á árinu 2020.

**5. Eigið fé**

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess nemur 500 þús. kr. í árslok 2020 Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

**6. Yfirlit um breytingar á eigin fé:**

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Innborgað hlutafé | 500 | | | 500 |
| Tap ársins | | | ( 131) | ( 131) |
| Eigið fé 31.12.2020 | 500 | 0 | ( 131) | 369 |

**7. Vaxtaberandi langtímalán**

Vaxtaberandi langtímalán greinast þannig:

| | 2020 |
|---|---|
| Óverðtryggð lán í ISK | 5.072.000 |
| Vaxtaberandi lán alls, þ.m.t. Næsta árs og gjaldfallnar afboranir | 5.072.000 |

Afborganir af langtímaláni greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Árið 2025 | 5.072.000 |
| Vaxtaberandi lán samtals | 5.072.000 |

**8. Tengdir aðilar**

**a. Skilgreining tengdra aðila**

Móðurfélag, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

**Tengdir aðilar með yfirráð**

Hlutafé félagsins er allt í eigu Landeyjar ehf. sem er í eigu SRL slhf.., sem er í eigu Arion banka hf.

**Viðskipti við stjórnendur**

Engin viðskipti voru við stjórnendur á árinu.

**b. Viðskipti við tengd félög**

*Í efnahagsreikningi í árslok eru eftirtfarandi stöður við tengda aðila:*

| | 2020 |
|---|---|
| Skammtímakrafa á móðurfélag | 369 |
| Kröfur á tengda aðila samtals | 369 |
| | |
| Vaxtaberandi langtímaskuld við Landey ehf. | 5.072.000 |

**c. Viðskipti við tengd félög**

*Í efnahagsreikningi eru eftirtalin viðskipti við tengda aðila:*

| | 2020 |
|---|---|
| Fjárfesting í fjárfestingareignum frá Landey ehf. | 5.072.000 |
| | 5.072.000 |

**9. Atburðir eftir reikningsskiladag**

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast í efnahagsumhverfinu vegna Covid-19. Töluverð óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á félagið og verðmat undirliggjandi eignasafns. Það er þó mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstarhæfi þess vegna þessa.

**10. Covid-19**

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast í efnahagsumhverfinu vegna Covid-19. Nokkur óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á félagið og verðmat undirliggjandi eignasafns. Það er mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstarhæfi þess vegna þessa.

# Undirritunarsíða

Sigurður Óli Hákonarson

Undirritað af:
Sigurður Óli
Hákonarson
0210753619
Dags: 21.04.2021
Tími: 16:02:54
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 946169ed-
0382-4aee-b641-
4f5221c4d30d

Arnar Þór Ragnarsson

Undirritað af:
Arnar Þór Ragnarsson
2304724409
Dags: 26.04.2021
Tími: 13:19:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 946169ed-
0382-4aee-b641-
4f5221c4d30d

Þorgerður Arna Einarsdóttir

Undirritað af:
Þorgerður Arna
Einarsdóttir
2307793689
Dags: 21.04.2021
Tími: 16:01:46
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 946169ed-
0382-4aee-b641-
4f5221c4d30d

Ólafur Hrafn Höskuldsson

Undirritað af:
Ólafur Hrafn
Höskuldsson
0107815829
Dags: 21.04.2021
Tími: 19:08:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 946169ed-
0382-4aee-b641-
4f5221c4d30d